

**70** hrákallát og gólfræsting í vinnustofum, búðum, gistihúsum, samkomuhúsum far-  
21. júní þegaskipa og opinberum byggingum.

## 1. gr.

Í vinnustofum, búðum, gistihúsum, farþegaskipum, saumahúsum og opinberum byggingum, þar sem margt fólk kemur saman, t. d. í kirkjum og skólum, skal gæta þeirrar varúðar, er hjer segir :

Hafa skal hrákallát svo mörg sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa og af þeirri gerð, sem henni þykir hlýða.

Vatn skal vera í hverju hrákalláti eða einhver sóttþreinsunarlögur og skal hreinsa það varlega. Heilbrigðisnefnd getur skipað fyrir um, hvernig hreinsuninni skuli háttað.

Aldrei skal hafa á gólfum ofnar eða fljettaðar ábreiður eða loðskinn; skulu gólf vera svo gjörð, að auðvelt sje að þvo þau.

Jafnan skal skvetta vatni á gólf áður en þau eru sópuð, svoað ryk komi ekki upp. Gólf skal þvo úr heitu vatni, að liðnum hverjum þeim degi, er húsin eða herbergin hafa verið brúkuð.

## 2. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu hafa gát á því, að þessum reglum sje fylgt.

## 3. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum frá 2—50 kr.

Þetta auglýsist til eptirbreytni þeim, sem í hlut eiga.

Í **stjórnarráði Íslands, 21. júní 1904.**

*H. Hafstein.*

*Fón Magnússon.*

**71** **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð gamalla for-  
9 júní manna í Norðurlisafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 9. júní 1904

Skipulagsskráin er þannig:

### Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð gamalla formanna í Norðurlisafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir »Styrktarsjóður gamalla formanna í Norðurlisafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað« og er stofnaður af gjöf kaupfélags Ísfríðinga, að upphæð 1036 kr. 86 aurar,

## 2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal hann aukinu.

- 1, með því að  $\frac{1}{4}$  árlegra vaxta skal ávallt lagður við höfuðstólinn;
- 2, með gjöfum. er sjóðnum kunna að verða gefnar í því skyni;
- 3, með því að leggja við höfuðstólinn það af vöxtunum, er eigi kann að verða útbýtt.

## 3. gr.

Þrem fjórðu hlutum árlegra vaxta sjóðsins má verja til styrktar gömlum fátækum formönnum í Norðurisafjarðarsýslu og Ísafjardarkaupstað, er ekki þiggja af sveit, orðnir eru 50 ára að aldri og hafa að minnsta kosti verið 25 ár formenn á opnum bátum í Norðurisafjarðarsýslu og Ísafjardarkaupstað.

## 4. gr.

Sýslunefndin í Norðurisafjarðarsýslu hefir aðalumsjón sjóðsins á hendi; kýs hún stjórn sjóðsins, úrskurðar reikninga hans og gætir þess, að skipulagsskrá þessari sje fylgt o. s. frv.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, er sýslunefndin kýs á aðalfundi sínum ár hvert. Stjórnin hefir á hendi umsjón sjóðsins, veitir styrk úr honum, semur árlega reikninga hans og leggur þá fyrir sýslunefndina til úrskurðar.

Reikningurinn skal birtur á prenti.

## 6. gr.

Sá, sem vill fá styrk úr sjóðnum, skal senda stjórn sjóðsins skriflega beiðni um það fyrir 31. desbr.; skal beiðni hans fylgja vottorð tveggja áreiðanlegra manna um það, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er sett eru í 3. gr. Við styrkveitingar úr sjóðnum skal og taka tillit til dugnaðar styrkbeiðanda í formennsku.

## 7. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal fyrst um sinn til ársins 1950 ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, en þá má sýslunefndin í Norðurisafjarðarsýslu gera aðra ráðstöfun um ávöxtun hans, ef þörf þykir.

## 8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Norðurisafjarðarsýslu, 24. og 25. marz 1904.

*Grimur Jónsson,*  
settur.

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Framfarasjóð Stykkishólms«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 9. júní 1904. 9. júní 1904. 72  
Skipulagsskráin er þannig:

**Upprentað blað.**